

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 13. október 2009 var samþykkt deiliskipulag á Krókatúni – Deildartúni á Akranesi.

Skipulagssvæðið afmarkast af Krókatúni, Grundartúni, Deildartúni og Vesturgötu og nær yfir 16 lóðir. Breytingar voru gerðar á lóðarmörkum nokkurra lóða.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 7. júní 2010.*

**Þorvaldur Vestmann** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2010